

REGLUGERÐ**um (5.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

Við 3. gr. kemur nýr staflíður, er hljóðar svo:

„b. Meðfæddur lungnasjúkdómur (bronchopulmonary dysplasia).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING**um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).**

I. KAFLI

Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.**Almenn skilyrði.**

1. gr.

Ákvæði EFTA-samnings og samnings Íslands og EBE með síðari breytingum ná, eftir því sem við á, til eftirtalinnna ríkja í Evrópu, svo og til annarra nefndra landssvæða sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

EFTA-lönd: Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur (ásamt Svalbarða), Sviss auk Liechtensteins og Svíþjóð.

EBE-lönd: Belgía, Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermasundseyjum og eyinni Mön), Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemburg, Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira), Sambandslýðveldið Þýskaland og Spánn (ásamt Ceuta, Kanaríeyjum og Melilla).

2. gr.

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr., aðrar en upprunavörur frá Spáni og Portúgal sem ákvæði 20. og 21. gr. þessarar auglýsingar taka til, og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

1. Vörurnar séu frá aðildarríkjum EFTA eða EBE og fullnægi, eftir því sem við á, skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum bókunar nr. 3 við samning milli Íslands og EBE með áorðnum breytingum (hér eftir nefnd bókun nr. 3) eða skilyrðum sem uppruna samkvæmt ákvæðum Viðauka B við EFTA-samninginn með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Viðauki B), sbr. 4. gr. auglýsingar þessarar.
2. Gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um tollendurgreiðslur í 23. gr. bókunar nr. 3 eða í 23. gr. Viðauka B.
3. Gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um flutning vara í 7. gr. bókunar nr. 3 og í 7. gr. Viðauka B.
4. Gætt sé ákvæða um framlagningu skjala vegna vara sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. 9.—17. gr. auglýsingar þessarar.

Upprunavörur í skilningi auglýsingar þessarar sem falla undir önnur tollskrárnúmer en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar sem tollar hafa verið lækkaðir á eða til samræmis við tollmeðferð á hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer þau sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar geta notið tollfrelsis samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Spáni skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tollvöxtum þeim sem tilgreindir eru í 20. gr. auglýsingar þessarar af vörum sem þar eru taldar upp.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Portúgal skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tollvöxtum þeim sem tilgreindir eru í 21. gr. auglýsingar þessarar af vörum sem þar eru taldar upp.

3. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. geta allar vörur sem fullnægja skilyrðum um uppruna samkvæmt bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E, sbr. einnig 2. mgr. 2. gr., notið þeirrar tollmeðferðar sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum.

Upprunareglur.

4. gr.

Skilyrðum þeim sem um getur í 2. gr. um uppruna vara skal talið fullnægt að því tilskildu að uppruni varanna sé í samræmi við eftirfarandi:

Vörur sem falla bæði undir vörusvið EFTA-samningsins og almennt undir vörusvið fríverslunarsamninga EFTA- ríkjanna við EBE svo og íslenskar sjávarafurðir í bókun nr. 6 í samningi Íslands við EBE skulu fullnægja skilyrðum einhverrar eftirtalinnna upprunareglna:

1. Varan sé að öllu leyti fengin í EFTA-landi eða EBE- landi, sbr. 1. gr. bókunar nr. 3 og 1. gr. Viðauka B.

Varan telst „að öðru leyti fengin“ á Íslandi, í Austurríki, Finnlandi o.s.frv. ef um er að ræða eftirfarandi:

- a. jarðefni, unnin þar úr jörðu eða hafsbotni,
- b. vörur úr gróðurrikinu, ræktaðar þar,
- c. lifandi dýr, borin og alin þar,
- d. afurðir lifandi dýra, alin þar,
- e. veiðibráð og fiskafurðir, aflað þar með veiðum,
- f. sjávarafurðir, aflað frá skipum þess,

- g. vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess og eingöngu úr vörum sem um ræðir í f-lið,
 - h. notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er hægt að nota aftur sem hráefni,
 - i. úrgangur og rusl frá iðnaði sem þar er stundaður,
 - j. vörur, framleiddar þar eingöngu úr vörum sem lýst er í a- til i-lið.
2. Varan hafi hlotið „nægilega vinnsla eða meðferð“ samkvæmt ákvæðum 1.—7. gr. bókunar nr. 3 og 1.—7. gr. Viðauka B. Meginreglan í þessu tilviki er sú að vinnslan eða meðferðin verður að hafa haft í för með sér tollskrárnúmeraskipti, þ.e. hin fullunna vara verður að falla undir annað tollskrárnúmer en innfluttu efnivörurnar falla undir hver fyrir sig. Í því sambandi teljast „innfluttar“ allar efnivörur sem ekki hafa öðlast upprunaréttindi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi sem varan er seld til. Land í þessum skilningi telst vera landssvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig svo og landsvæði aðildarríkja EBE í heild.

Þrátt fyrir skilyrði fyrrgreindrar meginreglu um tollskrárnúmeraskipti sé fullnægt kunna að vera sett frekari skilyrði um framleiðslu viðkomandi vöru í lista A við bókun nr. 3 eða Viðauka B til þess að hún öðlist upprunaréttindi. Ef svo er verður að uppfylla skilyrði þess lista. Ef svo er ekki er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um hvort varan öðlist upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt vegna vinnslu eða meðferðar vöru kunna ákvæði í lista B við bókun eða Viðauka B þrátt fyrir það að veita hinni fullunnu vöru upprunaréttindi.¹⁾

Eftirfarandi vinnsla eða meðferð telst aldrei nægileg til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskrárnúmerum eða ekki:

- a. Aðvinnsla sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð,
 - b. einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa muni í samstæður), þvo mála eða hluta í sundur,
 - c. i. umbúðaskipti og uppskipting og sameining vörusendinga.
 - ii. umbúnaður á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, spjöld eða töflur o.s.frv. og öll önnur einföld þökkun.
 - d. festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra,
 - e. einföld blöndun vara, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri hlutar blöndunarinnar fullnægja ekki settum skilyrðum í bókun nr. 3 eða Viðauka B til þess að þær verði taldar upprunavörur,
 - f. einföld samsetning vöruhluta til að gera heilan hlut,
 - g. sameining tveggja eða fleiri aðferða sem lýst er í a- til f-lið,
 - h. slátrun dýra.
3. Vörusamstæður í skilningi b-liðar 3. athugasemdar í almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir efnisþættir eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur teljast í heild upprunavara ef verðmæti þeirra vara sem ekki eru upprunavörur fer ekki yfir 15% af heildarverðmæti vörusamstæðunnar.

5. gr.

Þegar vörur í lista A eða B sem vísað er til í 4. gr. geta því aðeins fengið upprunaréttindi að verðmæti efnivara sem ekki fullnægja upprunaskilyrðum fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af verðmæti fullunnu vörunnar gilda eftirfarandi reglur um ákvörðun verðmætisins:

¹⁾ Listar A og B verða einn listi frá 1. janúar 1988 samhliða gildistöku samræmdu tollnafnaskrárinnar.

a. Verðmæti efnivara sem hægt er að sannreyna að fluttar hafa verið inn er tollverð þeirra við innflutning. Þegar um er að ræða efnivörur af óvissum uppruna er verðmætið fyrsta verð sem hægt er að sannreyna að hafi verið greitt fyrir þær í því landi þar sem framleiðslan á sér stað.

b. Verðmæti framleiddu varanna er verð þeirra frá verksmiðju að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning varanna.

Með verði vöru frá verksmiðju í b-lið 1. mgr. er átt við það verð sem greitt er framleiðanda í því fyrirtækinu þar sem lokastig vinnslu eða meðferðar fer fram. Hafi verið unnið að framleiðslunni í tveimur eða fleiri fyrirtækjum er verðið sem miða skal við það verð sem greitt er þeim framleiðanda er síðast hafði vöruna til vinnslu.

Með tollverði í b-lið 1. mgr. er átt við það verðmæti sem skýrgreint er í 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. til og með 31. ágúst 1987 en eftir þann tíma skal miða við tollverðsskilgreiningu í IV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

6. gr.

Vörur geta varðveitt áunninn upprunaréttindi sín í EFTA-landi eða EBE hafi þær eftir útflutning frá viðkomandi EFTA-landi eða EBE hvorki hlotið þar vinnslu eða meðferð eða ekki hlotið þar nægilega vinnslu eða meðferð til að þær verði taldar upprunnar í samræmi við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B, enda hafi við vinnsluna eða meðferðina verið gætt skilyrða þeirra sem um ræðir í 2. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B.

Upprunavörur sem eru í einni óskiptri sendingu má flytja með viðkomu á landssvæði annarra ríkja en EFTA-landanna eða EBE með umskipun eða bráðabirgðageymslu á slíku landsvæði, ef því er að skipta, ef flutningur yfir hið síðarnefnda landsvæði rétttætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafa verið undir eftirlit tollyfirvalda í landinu þar sem þær eru fluttar um eða geymdar í vöruheymslum, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhendingar til neyslu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en affermingu og fermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

7. gr.

Að því er varðar vörur sem koma undir EFTA-samninginn en ekki undir fríverslunar-samninga milli EFTA-landanna og EBE gilda almennar reglur Viðauka B um uppruna en auk þess, eftir því sem við á, ákvæði í viðbæti II í listum A og B við Viðauka B.

8. gr.

Bókun nr. 3 og Viðauka B fylgja sérstakar skýringar við einstakar greinar og eru þær óaðskiljanlegur hluti upprunareglanna.

EUR. 1 flutningsskírteini og yfirlýsing útflytjanda á vöruheikningi.

9. gr.

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

a. EUR. 1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR. 1. skírteini.

b. Vöruheiknings með yfirlýsingu útflytjanda um að vörurnar, nema annars sé getið, uppfylli skilyrði til að hljóta upprunaréttindi í fríðindaviðskiptum viðkomandi innflutningslands svo og yfirlýsingu útflytjanda um hvert sé upprunaland viðkomandi vöru. Í

sendingunni skal vera eitt eða fleiri stykki með upprunavörum að heildarverðmæti sem ekki fer fram úr 4.400 reikningseiningum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókonar 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

a. Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 310 reikningseiningar.

b. Vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 880 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir evrópskri mynteiningu (ECU). Ráðuneytið setur nánari fyriræli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

10. gr.

EUR. 1 skírteini er gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandi við útflutning þeirra vara sem það á við og getur útflytjandinn fengið það til ráðstöfunar þegar raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður. EUR. 1 skírteini er aðeins gefið út í því skyni að nota það sem skriflegt sönnunargang til þess að fá notið fríðindamedferðar samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE.

Í undantekningartilvikum er hægt að fá EUR. 1 skírteini gefið út eftir útflutning varanna sem það á við þegar ekki hefur getað orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða sérstakra aðstæðna.

Hafi EUR. 1 skírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandi sótt um til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjalanna sem í þeirra vörslu eru. Eftirritið skal bera sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR. 1 skírteinið og öðlast gildi frá og með þeirri dagsetningu.

11. gr.

EUR. 1 skírteini er eingöngu gefið út samkvæmt skriflegri umsókn útflytjandans eða umboðsmanns útflytjanda á hans ábyrgð, á þar til gerðu eyðublaði. Útflytjandinn eða fulltúi hans skal leggja fram með umsókn sinni þau viðbótarskjöl sem nauðsynleg kunna að vera til að sanna að vörur þær sem flytja á út uppfylli skilyrði fyrir útgáfu EUR. 1 skírteinis.

Þegar EUR. 1 skírteini er gefið út eftir að vörurnar sem það á við hafa þegar verið fluttar út verður útflytjandi að geta eftirfarandi í umsókn þeirri sem getið er um í 1. mgr.:

a. að tilgreina útflutningsstað og útflutningsdag varanna sem EUR. 1 skírteinið á við.

b. að staðfesta að ekkert EUR. 1 skírteini hafi verið gefið út á útflutningstíma þeirra vara sem um er að ræða og tilgreina ástæður fyrir því.

EUR. 1 skírteini skal ritað á einu hinna opinberu tungumála EFTA-landanna eða aðildarríkja EBE. Ef það er handskrifað skal það vera útfyllt með bleki og ritað með upphafsstöfum. Sérstaklega skal gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið útfylltur þannig að ekki verði um auðar línur að ræða. Sé reiturinn ekki að öllu leyti útfylltur skal draga lárétta línu undir neðstu línu vörulýsingarinnar og strika yfir eyðuna fyrir neðan.

12. gr.

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningslandi gáfu skírteinið út.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR. 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. Þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure“) eða óvenjulegar aðstæður.

13. gr.

Tollyfirvöld geta heimilað að útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“, er uppfyllir þau skilyrði sem tilgreind eru í 2. tl. 13. gr. bókunar nr. 3 og 2. tl. 13. gr. Viðauka B, og hefur í hyggju viðskipti sem gefa má út EUR. 1 skírteini fyrir, þurfi hvorki að framvísa vörunum hjá tollyfirvöldum þegar útflutningur fer fram né heldur umsókn um EUR. 1 skírteini fyrir þessar vörur til þess að EUR. 1 skírteini verði útgefið í samræmi við ákvæði 10. og 11. gr. Heimild þessi verður einungis veitt útflytjendum sem flytja oft út vörur og geta að mati tollyfirvalda látið í té allar nauðsynlegar tryggingar til sönnunar því að vörurnar uppfylli skilyrði um uppruna.

Tollyfirvöld geta enn fremur heimilað viðurkenndum útflytjanda að búa út EUR. 1 skírteini með gildistíma að hámarki eitt ár, hér eftir nefnt LT-skírteini eða langtímaskírteini.

Eitt LT-skírteini getur gilt um fleiri en eina vörusendingu meðan á gildistíma þeim sem getið er í 2. mgr. stendur.

LT-skírteini skal framvísa á innflutningstollstöð um leið eða áður en vörur samkvæmt því eru fyrst innfluttar. Þegar innflytjandi fær tollafgreiðslu við margar tollstöðvar í innflutningsríki geta yfirvöld krafist þess að hann leggi fram samrit af LT-skírteininu á hverri þeirra.

Hafi LT-skírteini eða samriti þess verið framvísað hjá viðkomandi tollyfirvaldi telst vörureikningur sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði nægjanleg sönnun fyrir upprunaréttindum:

a. Þegar á einum og sama vörureikning eru bæði upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 eða Viðauka B og vörur sem ekki eru upprunavörur skal á vörureikningi greint skilmerkilega á milli þessara tveggja hópa.

b. Á vörureikningi skal koma fram númer þess LT- skírteinis svo og heiti landsins eða landanna þar sem vörurnar eru upprunnar. Þegar útflytjandi hefur gefið upplýsingar þessar á vörureikningi telst það vera yfirlýsing af hans hálfu um að vörurnar séu upprunavörur er notið geti fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE.

c. Lýsing á vörunum og hvernig þeirra er getið á vörureikningi skal vera það nákvæm að ljóst sé að um sé að ræða vöru þá sem getið er á tilvitnuðu LT- skírteini.

d. Upprunayfirlýsing á vörureikningi er því aðeins gild að varan sé flutt frá útflutningslandinu meðan viðkomandi LT-skírteini er í gildi. Vörureikningnum má þó framvísa innan fjögurra mánaða frá því að útflytjandi ritaði þá enda hafi innflutningur átt sér stað innan framangreindra tímamarka.

Innflytjanda er heimilt á grundvelli reglna um LT-skírteini að framvísa vörureikningi sem sendur hefur verið með símafjarskiptum eða um tölvunet enda uppfylli vörureikningurinn skilyrði þau sem sett eru í a- til d-lið 5. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðuneytið veitir útflytjendum heimild til útgáfu EUR. 1 skírteins samkvæmt þessari grein í samræmi við ákvæði 1.—15. tl. 13. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B.

14. gr.

Yfirlýsingu skv. b-lið 1. mgr. 9. gr. skal útflytjandi gefa á einu hinna opinberu tungumála EFTA eða aðildarríkja EBE. Hún skal vélrituð eða stimpluð og undirskrift skal vera handrituð.

15. gr.

Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á EUR. 1 skírteini og yfirlýsingu þeirri er um getur í b- lið 1. mgr. 9. gr.

16. gr.

Vörur sem sendar eru á vörusýningu í öðru landi en EFTA-landi eða EBE og seldar eftir sýninguna til Íslands geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, enda séu þær upprunnar í EFTA-landi eða EBE og fullnægjandi sönnur færðar fyrir eftirfarandi að mati tollyfirvalda:

- a. Að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá EFTA-landi eða EBE til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær.
- b. Að útflytjandi hafi selt vörurnar eða afsalað þeim til viðtakanda hér á landi.
- c. Að vörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana hingað til lands í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar á sýninguna.
- d. Að frá þeirri stundu er vörurnar voru sendar á sýninguna hafi þær ekki verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

Framvísa ber EUR. 1 skírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Í því skal tilgreina nafn sýningar og sýningarstaðar. Ef þörf krefur er heimilt að krefjast sérstakra skjalfestra gagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.

Ákvæðum 1. mgr. má beita um allar vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýningar, kaupstefnur eða samsvarandi opinberar sýningar sem ekki eru skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í huga í sölubúðum eða verslunarhúsum þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir eftirliti tollyfirvalda meðan á sýningu stendur.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda eftir því sem við á um útflutning upprunavara til EFTA-landa og aðildarríkja EBE.

II. kafli

Útflutningur til EFTA-landa og EBE.

18. gr.

Um sérstaka tollmeðferð upprunavara sem útfluttar eru til EFTA-landa og EBE gilda ákvæði I. kafla auglýsingar þessarar, eftir því sem við getur átt, sbr. 17. gr. auglýsingar þessarar. Viðskiptaráðuneytið, Útflutningsráð Íslands og Verslunarráð Íslands veita upplýsingar og leiðbeiningar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Ísland sem ákvæði samnings EFTA-landanna og samning Íslands og EBE taka til.

19. gr.

Tollyfirvöld veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu EUR. 1 skírteina sbr. 11. gr. Upplýsingar veittar af tollyfirvöldum eru því aðeins bindandi að þeirra sé óskað skriflega og þær veittar á sama hátt.

III. kafli

Sérstakir tolltaxtar fyrir Spán og Portúgal.

20. gr.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Spáni sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer er skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	%		%		%		%
17.04.01	17	30.03.33	2	39.01.43	2	39.07.77	3
17.04.03	17	30.03.43	2	39.01.46	0	39.07.79	5
17.04.04	17	32.09.10	9	39.01.53	2	39.07.81	10
17.04.05	17	32.09.21	9	39.01.55	0	40.07.00	4
17.04.06	17	32.09.22	9	39.01.64	5	40.08.01	7
17.04.09	17	32.09.23	9	39.01.95	2	40.13.02	9
18.06.03	17	32.09.24	9	39.01.97	3	40.13.09	9
18.06.04	17	32.09.25	9	39.02.13	3	40.14.01	0
18.06.05	17	32.09.29	9	39.02.14	3	40.14.03	5
18.06.06	17	32.09.31	5	39.02.15	2	40.14.11	5
18.06.09	17	32.09.39	9	39.02.23	2	41.01.11	0
19.02.01	17	32.09.41	5	39.02.25	3	41.01.19	2
19.02.02	11	32.09.43	4	39.02.34	3	41.01.20	2
19.07.01	13	32.09.49	9	39.02.35	2	41.01.30	2
19.07.02	13	32.11.00	5	39.02.36	5	41.01.40	2
19.07.09	13	32.12.00	9	39.02.44	3	41.01.50	2
19.08.01	13	33.04.03	4	39.02.47	2	41.01.60	2
19.08.03	13	33.06.01	14	39.02.61	3	41.02.10	3
19.08.04	13	33.06.03	14	39.02.64	2	41.03.00	2
19.08.09	13	33.06.05	14	39.02.75	3	41.04.00	2
21.02.11	13	33.06.07	7	39.02.93	2	41.05.01	2
21.04.01	17	33.06.11	14	39.02.99	2	41.05.09	2
21.04.02	17	34.01.01	10	39.03.12	3	41.09.00	2
21.04.09	17	34.01.02	10	39.03.13	2	42.01.00	10
21.05.19	17	34.01.03	10	39.03.33	3	42.02.10	15
21.06.02	17	34.01.04	10	39.03.34	3	42.02.20	15
21.07.02	17	34.01.05	10	39.03.53	3	42.02.30	15
22.02.01	17	34.01.09	10	39.03.54	2	42.02.41	15
22.02.09	17	34.02.05	10	39.03.81	3	42.02.49	15
22.03.01	17	34.02.06	10	39.03.82	2	42.03.01	9
22.03.09	17	34.02.07	10	39.07.11	5	42.03.02	9
25.05.00	1	34.02.08	10	39.07.13	0	42.03.09	9
25.12.01	3	34.02.09	10	39.07.14	0	42.04.00	3
25.13.01	3	34.05.01	10	39.07.15	7	43.01.10	4
25.16.00	3	34.05.02	10	39.07.16	5	43.01.20	4
25.17.01	2	34.06.00	10	39.07.17	14	43.02.01	5
25.17.09	1	35.01.00	4	39.07.18	5	43.02.09	5
25.22.01	3	35.03.01	4	39.07.19	5	43.03.01	9
25.23.00	3	35.06.01	5	39.07.35	7	43.03.09	9
26.03.00	2	35.06.09	4	39.07.40	9	43.04.09	9
28.04.11	5	36.05.00	7	39.07.46	10	44.13.21	7
28.04.12	3	38.18.00	9	39.07.47	12	44.13.29	4
28.04.13	1	38.19.33	5	39.07.61	0	44.19.00	9
28.09.00	3	39.01.23	2	39.07.62	14	44.20.00	10
28.13.01	3	39.01.24	4	39.07.63	5	44.21.00	7
28.16.00	3	39.01.26	3	39.07.66	5	44.23.01	5
29.01.41	5	39.01.33	2	39.07.67	5	44.23.02	5
30.03.13	2	39.01.34	4	39.07.69	7	44.23.03	5
30.03.23	2	39.01.36	3	39.07.71	5	44.23.04	9

	%		%		%		%
44.23.09	7	49.07.09	2	54.05.09	5	58.07.09	2
44.24.00	14	49.08.00	7	55.07.10	3	58.08.01	0
44.25.01	5	49.09.00	14	55.07.20	3	58.08.09	3
44.25.03	5	49.10.00	2	55.08.10	3	58.09.00	3
44.27.01	12	49.11.19	7	55.08.20	3	58.10.00	3
44.27.02	5	49.11.29	7	56.05.19	0	59.01.02	5
44.27.09	14	50.04.00	3	56.05.20	0	59.02.10	7
44.28.83	5	50.05.00	3	56.05.30	0	59.02.22	5
44.28.84	7	50.07.00	3	56.05.40	0	59.02.29	4
44.28.87	5	50.09.00	3	56.05.59	0	59.03.01	2
44.28.88	14	51.01.10	0	56.05.60	0	59.03.09	9
44.28.94	10	51.01.20	0	56.05.70	0	59.04.01	0
46.02.01	12	51.01.30	0	56.05.89	0	59.04.02	0
46.02.02	12	51.01.40	0	56.06.10	3	59.04.04	2
46.03.01	2	51.01.50	0	56.06.20	3	59.04.09	3
48.05.20	7	51.01.60	0	56.06.30	3	59.05.01	0
48.05.41	3	51.01.70	0	56.07.10	3	59.05.02	0
48.07.39	5	51.01.80	0	56.07.20	3	59.05.09	9
48.07.42	3	51.01.85	0	56.07.30	3	59.06.01	2
48.07.44	7	51.01.90	0	56.07.40	3	59.06.03	0
48.07.47	2	51.02.10	0	56.07.50	3	59.07.09	3
48.14.04	7	51.02.20	0	56.07.60	3	59.08.09	2
48.15.10	7	51.03.10	3	56.07.70	3	59.12.09	3
48.15.34	2	51.03.20	3	56.07.80	3	60.01.10	5
48.15.35	7	51.04.10	3	56.07.85	3	60.01.21	0
48.16.01	0	51.04.21	0	56.07.90	3	60.01.29	3
48.16.02	0	51.04.29	3	57.06.00	2	60.01.30	3
48.16.03	0	51.04.30	3	57.07.09	3	60.01.40	3
48.16.04	5	51.04.40	3	58.01.10	12	60.01.51	3
48.16.05	5	51.04.50	3	58.01.20	12	60.01.59	3
48.16.06	5	51.04.60	3	58.02.10	12	60.02.01	9
48.16.07	2	52.01.00	3	58.02.20	12	60.02.02	9
48.16.08	0	52.02.00	3	58.02.30	12	60.02.09	9
48.16.11	5	53.06.10	1	58.02.40	12	60.03.01	14
48.16.12	3	53.06.20	1	58.02.50	12	60.03.02	12
48.16.19	5	53.07.10	1	58.02.60	12	60.03.03	12
48.18.00	7	53.07.20	1	58.02.70	12	60.03.04	12
48.19.01	4	53.09.00	3	58.02.80	12	60.03.05	3
48.19.02	0	53.10.10	4	58.02.90	12	60.03.09	12
48.19.09	7	53.10.20	4	58.03.00	9	60.04.10	12
48.21.21	10	53.11.10	3	58.04.10	2	60.04.15	12
48.21.31	9	53.11.20	3	58.04.30	2	60.04.20	12
48.21.32	14	53.11.30	3	58.04.40	2	60.04.25	12
48.21.40	5	53.11.40	3	58.04.50	2	60.04.30	12
48.21.53	12	53.11.50	3	58.05.00	2	60.04.35	12
48.21.55	5	53.12.00	3	58.06.00	2	60.04.40	12
48.21.56	9	54.03.00	0	58.07.01	3	60.04.45	12
48.21.57	7	54.04.00	3	58.07.02	0	60.04.50	12
49.01.01	3	54.05.01	5	58.07.03	3	60.04.61	12

	%		%		%		%
60.04.69	12	61.02.45	12	62.02.30	14	71.16.00	9
60.05.05	12	61.02.50	12	62.02.40	14	73.14.02	3
60.05.10	12	61.02.55	12	62.02.50	14	73.21.01	9
60.05.15	12	61.02.60	12	62.02.60	14	73.21.02	5
60.05.20	12	61.02.65	12	62.02.71	5	73.21.03	5
60.05.25	12	61.02.70	12	62.02.79	14	73.21.04	5
60.05.30	12	61.02.75	12	62.02.81	5	73.21.05	5
60.05.35	12	61.02.80	12	62.02.89	14	73.21.06	3
60.05.40	12	61.02.85	12	62.03.01	0	73.21.09	5
60.05.45	12	61.02.91	12	62.03.02	0	73.22.01	2
60.05.50	12	61.02.92	12	62.03.09	0	73.22.09	7
60.05.55	12	61.02.93	12	62.04.11	5	73.23.01	4
60.05.60	12	61.02.95	12	62.04.12	10	73.23.03	7
60.05.65	12	61.02.96	12	62.04.19	10	73.23.04	0
60.05.70	12	61.02.97	12	62.04.21	5	73.23.09	9
60.05.75	12	61.02.98	12	62.04.22	10	73.31.01	7
60.05.82	12	61.03.10	12	62.04.29	10	73.31.09	7
60.05.89	12	61.03.20	12	62.05.11	0	73.37.01	5
60.06.10	3	61.03.30	12	62.05.12	0	73.37.02	5
60.06.21	2	61.03.41	12	62.05.19	10	73.37.03	2
60.06.22	9	61.03.49	12	63.01.00	5	73.37.09	5
60.06.29	5	61.03.51	12	63.02.00	5	73.38.21	7
61.01.05	12	61.03.59	12	64.01.09	9	73.38.22	10
61.01.10	12	61.03.61	12	64.02.01	12	73.40.41	0
61.01.15	12	61.03.69	12	64.02.02	12	73.40.42	0
61.01.20	12	61.04.11	12	64.02.05	12	73.40.43	0
61.01.25	12	61.04.12	12	64.02.09	12	73.40.44	0
61.01.30	12	61.04.19	12	64.03.00	9	73.40.45	0
61.01.35	12	61.04.21	12	64.04.00	9	73.40.46	0
61.01.40	12	61.04.22	12	65.03.00	9	73.40.48	0
61.01.45	12	61.04.29	12	65.05.00	9	73.40.49	3
61.01.50	12	61.04.31	12	65.06.02	9	73.40.51	10
61.01.55	12	61.04.32	12	68.01.00	5	73.40.55	7
61.01.60	12	61.04.39	12	68.02.01	12	74.19.03	3
61.01.65	12	61.05.00	12	68.02.03	12	74.19.05	7
61.01.70	12	61.06.00	12	68.02.09	7	75.06.01	7
61.01.75	12	61.07.00	12	68.08.01	5	76.01.10	0
61.01.80	12	61.09.10	12	68.11.01	5	76.01.20	0
61.01.85	12	61.09.21	12	68.11.09	10	76.08.00	5
61.01.90	12	61.09.29	12	68.15.00	5	76.09.00	7
61.01.95	12	61.10.00	12	68.16.02	5	76.10.02	4
61.02.05	12	61.11.00	3	69.06.00	5	76.10.04	7
61.02.10	12	62.01.10	14	69.13.01	12	76.10.09	9
61.02.15	12	62.01.20	14	69.13.09	14	76.16.02	0
61.02.20	12	62.01.30	14	70.07.01	7	76.16.03	0
61.02.25	12	62.01.40	14	70.08.00	7	76.16.07	3
61.02.30	12	62.01.50	14	70.09.00	14	76.16.09	5
61.02.35	12	62.02.10	14	70.14.01	12	76.16.11	7
61.02.40	12	62.02.20	14	71.12.00	9	76.16.12	3

	%		%		%		%
78.06.01	0	84.22.61	3	89.01.59	5	94.03.31	9
82.01.02	3	84.22.62	5	89.01.69	5	94.03.32	12
83.03.01	5	84.30.15	0	94.01.13	12	94.03.39	12
83.06.01	10	85.01.21	5	94.01.14	12	94.04.00	12
83.07.04	5	85.01.71	5	94.01.19	12	96.01.01	10
83.07.05	10	85.01.79	5	94.01.20	12	96.01.03	14
83.07.09	12	85.04.10	5	94.03.11	9	96.01.05	14
83.13.02	10	85.12.51	10	94.03.12	12	96.01.07	10
83.13.03	0	85.12.52	10	94.03.13	12	96.01.09	14
83.14.00	10	85.12.53	10	94.03.14	12	97.02.00	14
84.11.41	2	85.19.17	5	94.03.15	12	97.03.00	12
84.11.42	2	85.19.19	5	94.03.19	12	97.04.03	12
84.12.00	3	85.24.00	3	94.03.21	9	97.07.02	7
84.15.33	2	87.05.01	2	94.03.22	12	97.07.09	7
84.15.39	2	87.05.02	5	94.03.23	12	98.02.09	5
84.17.23	3	87.06.01	5	94.03.24	12	98.07.00	10
84.22.12	1	89.01.20	5	94.03.29	12	98.12.00	14
84.22.31	2						

Hafi tollar á vörum sem falla undir önnur tollskrárnúmer en upp eru talin í þessari málsgrein verið lækkaðir, samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga, til samræmis við tolla á hlíðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í þessari málsgrein skulu tollar á slíkum spönskum upprunavörum vera hinir sömu og gilda fyrir ofangreind tollskrárnúmer sem tollar hafa verið samræmdir við.

21. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum frá Portúgal sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tollvöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	%		%		%		%
05.04.00	2	15.12.09	4	16.04.09	22	21.03.00	4
05.15.00	2	16.03.00	4	16.04.11	22	21.04.01	4
14.02.00	2	16.04.01	22	16.04.12	22	21.04.02	4
14.03.00	2	16.04.02	22	16.04.19	22	21.04.09	4
14.05.00	2	16.04.03	22	16.05.01	22	21.05.29	4
15.04.10	2	16.04.04	22	16.05.02	22	22.01.01	4
15.04.20	2	16.04.05	22	16.05.03	22	22.08.00	2
15.04.30	2	16.04.06	22	16.05.04	22	23.01.10	2
15.05.00	2	16.04.07	22	16.05.09	22	23.01.20	2
15.06.00	2	16.04.08	22	20.02.01	3	24.02.32	2

Um aðrar portúgalskar upprunavörur gilda tollfrelsisákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. auglýsingar þessarar.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði

22. gr.

Samkvæmt ákvæðum 63. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim lögum, varðar það sektum svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti friðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svædistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamnings. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt heimild til að gefa út skjöl þau og vottorð er um ræðir í 1. mgr., sbr. m.a. 13. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, ber viðkomandi leyfishafi, eftir atvikum einstaklingur eða framkvæmdastjóri, refs-ábyrgðina.

23. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 680/1980 sama efnis svo og auglýsingar nr. 318/1983, 75/1985 og 101/1986 um breyting á henni. Þrátt fyrir framangreind ákvæði skulu EUR. 2 skilríki sem gefin hafa verið út fyrir 1. júlí 1987 í samræmi við ákvæði auglýsingar nr. 680/1980 með síðari breytingum, halda gildi sínu enda verði þeim framvísað í samræmi við ákvæði nefndrar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 1. mars 1967 um ríkisábyrgðir og

Ríkisábyrgðasjóð.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Takist ríkissjóður á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld skal sá, er ábyrgð er tekin fyrir, greiða í áhættugjald 2,0% af ábyrgðarfjárhæð um leið og ábyrgð er veitt. Sé um einfalda ábyrgð að ræða skal gjald þetta nema 1,5% af ábyrgðarfjárhæð.

Áhættugjald rennur í Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.